



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

10. nóvember 2006

Mál nr. E-10030/2004:
Stefnandi: Auður Sveinsdóttir
(Halldór Helgi Backman hrl.)

Stefndi: Hannes Hólmsteinn Gissurarson
(Heimir Örn Herbertsson hrl.)

Dómari Allan V. Magnússon héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 2006 í máli nr. E-10030/2004:

Auður Sveinsdóttir

(Halldór Helgi Backman hrl.)

gegn

Hannes Hólmsteini Gissurarsyni

(Heimir Örn Herbertsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 27. október sl., er höfðað með stefnu birtri 23. nóvember 2004.

Stefnandi er Auður Sveinsdóttir Laxness, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.

Stefndi er Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Hringbraut 24, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að stefndi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 54. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, skv. 1. mgr. 56. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972, að fjárhæð kr. 2.500.000 auk dráttarvaxta af fjárhæðinni skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 03.12.2005 til greiðsludags.

3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu miskabóta, skv. 2. mgr. 56. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972, að fjárhæð kr. 2.500.000 auk dráttarvaxta af fjárhæðinni skv. III. kafla laga nr. 38/2001 frá 23.12.2004 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Með úrskurði héraðsdóms, uppkveðnum 9. júní 2005, var kröfum stefnanda samkvæmt stefnu birtri 23. nóvember 2004, vísað frá dómi en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 20. september 2005, var lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur sóknaraðila sem greinir í töluliðum 1 og 3 hér að framan til efnismeðferðar en úrskurður héraðsdómara, um að kröfu skv. 3. mgr. 56. gr. höfundalaga yrði vísað frá dómi, staðfest.

Stefnandi höfðaði síðan mál á hendur stefnda með stefnu birtri 26. október 2005 þar sem krafist var fébóta skv. 1. mgr. höfundalaga. Með úrskurði 7. apríl 2006 hafnaði dómari kröfu stefnda um frávisun þeirrar kröfu og voru málin síðan sameinuð og kröfugerð stefnanda á hendur stefnda er nú eins og hér að framan er lýst.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Stefnandi er ekkja Halldórs Laxness rithöfundar og höfðar mál þetta í eigin nafni en hún situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, sbr. II. kafli erfðalaga nr. 8/1962 með síðari breytingum, sbr. einnig 2. mgr. 59. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

Í byrjun desember 2003 var gefin út bók stefnda, Halldór - Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness 1902 - 1932. Eins og titill bókarinnar ber með sér er um 1. bindi ævisögu Halldórs Laxness að ræða og tekur hún til fyrstu þrjátíu æviára hans. Útgefandi bókarinnar er Almenna bókafélagið en stefndi er titlaður höfundur hennar og höfundarréttarhafi.

Við ritun bókarinnar sótti stefndi heimildir sínar í útgefin ritverk Halldórs og annarra höfunda, en einnig sótti stefndi heimildir í óútgefin verk Halldórs og bréf hans til þriðju aðila, sem afhent höfðu verið Landsbókasafninu til varðveislu. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að ekki hafi legið fyrir samþykki stefnanda eða annarra erfingja Halldórs fyrir notkun stefnda á óútgefnu efni höfundarins, en jafnframt hafi bókinni verið rituð án samráðs við stefnanda eða aðra erfingja Halldórs.

Stefnandi kveðst hafa komist að því eftir útkomu bókarinnar að stefndi hefði, við ritun hennar, nýtt sér í miklum mæli texta Halldórs Laxness, bæði í heimildaskyni án þess að geta heimilda með viðhlítandi hætti og með beinum hætti án þess að tilgreina réttan höfund textans. Þá hafi talsverð brögð verið að því að stefndi hafi beinlínis nýtt texta Halldórs Laxness, en breytt honum að eigin geðþótta og birt í bók sinni, í flestum tilvikum sem eigin texta.

Umfang brota stefnda og málsins í heild sé slíkt að ekki hafi reynst mögulegt að höfða mál þetta fyrr en gert var með birtingu stefnu 23. nóvember 2004.

Í stefnu er vísað til 120 atriða sem stefnandi telur að feli í sér tilvik þar sem stefndi hafi gerst sekur um brot á höfundalögum. Í 84 atriðum, sem merkt eru nr. 1-5, 7-10, 12-18, 21, 23-36, 39-41, 46-50, 52-66, 68-69, 71, 73-83, 85-90, 93, 96, 100, 103-104, 106, 113-114, 118 og 120, er vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Er síðan tilgreint heiti rits Halldórs Laxness og blaðsíðutal og segir síðan í stefnu: „Notkun á texta án aðgreiningar, heimildar ekki getið, breyting á frumtexta höfundar.“ Þá er í 26 atriðum, sem merkt eru 6, 11, 19-20, 22, 37, 42-45, 51, 70, 72, 84, 91-92, 94-95, 97-98, 102, 109-110, 115, 117 og 119, vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Er síðan tilgreint heiti bókar eða ritverks Halldórs Laxness og blaðsíðutal og segir síðan: „Notkun á texta án aðgreiningar, heimildar getið með villandi og ófullnægjandi hætti, breyting á frumtexta höfundar.“ Í einu atriði sem merkt er nr. 38 er vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Er síðan tilgreint heiti bókar Halldórs Laxness og blaðsíðutal og segir síðan: „Notkun á texta án aðgreiningar, réttar heimildar ekki getið, breyting á frumtexta höfundar.“ Í atriði merktu nr. 67 er vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Er síðan tilgreint heiti bókar Halldórs Laxness og blaðsíðutal og segir síðan: „Notkun texta án aðgreiningar, breyting á

frumtexta höfundar.“ Í atriðum merktum nr. 99, 101, 105 og 116 er vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Eru síðan tilgreind bréf Halldórs Laxness til Erlends Guðmundssonar og dagsetning þeirra. Síðan segir: „Notkun texta án aðgreiningar, heimildar ekki getið, breyting á frumtexta höfundar, birting áður óbirts texta án heimildar höfundar.“ Í atriðum merktum 107-108 og 111 er vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Eru síðan tilgreind bréf Halldórs Laxness til Erlends Guðmundssonar og dagsetning þeirra. Síðan segir: „Notkun texta án aðgreiningar, heimildar getið með villandi og ófullnægjandi hætti, breyting á frumtexta höfundar, birting áður óbirts texta án heimildar höfundar.“ Loks er í atriði merktu nr. 112 vitnað til bókar stefnda og blaðsíðutals í henni. Er síðan tilgreint bréf Halldórs Laxness til Erlends Guðmundssonar, dagsett 11. nóvember 1925. Síðan segir: „Breyting á frumtexta höfundar, birting áður óbirts texta án heimildar höfundar.“

Í stefnu er áréttað að framangreind atriði séu ekki tæmandi talning þeirra tilvika þar sem talið er að stefnandi hafi gerst brotlegur við höfundarétt Halldórs Laxness. Hafi stefnandi þó kosið að láta hér við sitja, enda séu framangreind brot stefnda að mörgu leyti sambærileg og fullnægjandi til rökstuðnings kröfugerðum stefnanda í málinu.

Stefnandi kveður kröfugerð sína byggða á ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972. Þannig sé í fyrsta lagi gerð sú krafa að stefndi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 54. gr. laganna. Sé enda á því byggt að brot stefnda hafi verið framin af ásetningi eða að minnsta kosti stórfelldu gáleysi eins og áskilið er í 1. mgr. 54. gr. laganna. Með vísan til 1. mgr. 59. gr. byggir stefnandi á því að henni sé heimilt að hafa uppi refsikröfu í málinu, enda samrýmist það réttarframkvæmd. Um refsiramma er vísað til 2. mgr. 54. gr. laganna, en á því er byggt að taka verði tillit til stöðu stefnda, gríðarlegs umfangs málsins og þess að brot stefnda voru framin í ágóðaskyni við ákvörðun refsingar.

Í öðru lagi geri stefnandi kröfu um miskabætur samkvæmt beinni lagaheimild í 2. mgr. 56. gr. höfundalaga. Byggir stefnandi á því að hin umkrafða fjárhæð, 2.500.000 krónur, sé hæfileg með hliðsjón af miklu umfangi brotanna og þeim grundvallarréttindum höfundarréttarins sem stefndi hefur brotið gegn, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Telur stefnandi að hafa beri í huga að Halldór Laxness hafi verið og sé enn einhver merkasti rithöfundur þjóðarinnar og að verk hans og sá höfundarréttur sem þeim fylgir sé í senn mikilvægur og verðmætur. Stefndi hafi, með ólögumætum og saknæmum hætti, eignað sér ritverk Halldórs í miklum mæli, sér til hagsbóta, sbr. t.d. 5. gr. höfundalaga.

Um málshöfðun, þar sem krafist er fébóta samkvæmt 1. mgr. 56. gr. höfundalaga, segir að málið sé höfðað á sama grundvelli og sömu atvikum og fyrra mál milli sömu aðila, þ.e. mál Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-10030/2004. Sé

stefnanda óhjákvæmilegt að höfða mál þetta í ljósi þess að skaðabótakröfu hans í fyrrgreindu máli, sem byggð hafi verið á 3. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972 hafi verið vísað frá með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 308/2005 frá 20. september 2005. Byggir stefnandi á því að málshöfðun þessi sé heimil, sbr. m.a. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991.

Kröfugerð stefnanda sé byggð á ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, einkum 1. mgr. 56. gr. laganna. Er á því byggt að kröfugerðin sé í samræmi við það fjártjón sem stefnandi og dánarbú Halldórs Laxness hafi orðið fyrir vegna saknæmrar og ólögmastrar háttsemi stefnda. Krafa þessi komi til viðbótar áður gerðum kröfum um refsingu og miskabætur og á því byggt að stefnanda sé heimilt að hafa kröfuna uppi samhliða öðrum kröfum í fyrra máli aðila.

Byggir stefnandi á því að stefndi hafi, af ásetningi eða gáleysi, brotið gegn höfundarrétti þeim sem stefnandi fer með eftir Halldór Laxness með ritun fyrrgreindrar bókar sinnar. Jafnframt byggir stefnandi á því að öll skilyrði til greiðslu bóta séu uppfyllt og heldur því fram m.a. að samkvæmt dómvenju séu bætur skv. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga metnar að álitum. Bendir stefnandi m.a. á að bók stefnda, sem að verulegu leyti sé byggð á bókum og ritverkum Halldórs Laxness, sé til þess fallin að draga úr sölu á ýmsum bókum og ritverkum skáldsins og raska með öðrum hætti þeim gríðarlegu fjárhagslegu hagsmunum sem bundnir séu við höfundarrétt hans. Jafnframt er á því byggt að fjárhæð bótakröfunnar sé ekki hærri en sú fjárhæð sem stefnda hefði verið gert að greiða fyrir notkun á texta Halldórs í svo víðtækum mæli sem gert er. Alkunna sé að höfundarréttur Halldórs Laxness sé í senn afar mikilvægur og verðmætur. Röskun á honum hafi því fyrirsjáanlega í för með sér umtalsvert fjártjón sem stefnandi telur hér hæfilega metið.

Krafa stefnanda um dráttarvexti er byggð á 4. mgr. 5. gr. sbr. 9. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001. Er þannig krafist dráttarvaxta að liðnum mánuði frá þingfestingu málsins.

Krafa stefnanda um dráttarvexti af 2. og 3. kröfulið er byggð á 4. mgr. 5. gr. sbr. 9. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001. Er þannig krafist dráttarvaxta að liðnum mánuði frá höfðun máls þessa í samræmi við téð ákvæði laganna.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar, að skaðlausu úr hendi stefnda, í samræmi við meginreglur réttarfars og ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Byggir stefnandi á því að henni skuli tryggt skaðleysi af málsókninni, sem sé í senn óhjákvæmileg og nauðsynleg. Umfang málsins sé gríðarlegt og hefur stefnandi þurft að kosta miklu til við undirbúning málshöfðunar.

MÁLSÁSTÆÐUR:

Aðild stefnanda, sem situr í óskiptu búi eftir Halldór Laxness á grundvelli II. kafla erfðalaga nr. 8/1962, byggist meðal annars á 2. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. einnig 11. gr. erfðalaga. Málsókn stefnanda sé byggð á því að stefndi hafi, með ritun framangreindrar bókar sinnar og í þeim tilfellum sem að framan er lýst, brotið gegn höfundarrétti Halldórs Laxness með ítrekuðum og grófum hætti. Óumdeilanlegt sé, samkvæmt 43. gr. höfundalaga, að höfundaréttur haldist óraskaður í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Öll þau ritverk sem stefndi hafi hagnýtt við ritun bókar sinnar hafi því verið og séu háð höfundarétti samkvæmt ákvæðum laganna, sbr. einkum 1. gr. þeirra. Höfundaréttur teljist til eignarréttinda skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944 auk þess sem tjáningarfrelsi sé háð sérstökum takmörkunum skv. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, m.a. vegna réttinda annarra.

Bók stefnda sé að miklu leyti endursögn á endurminningabókum Halldórs Laxness, þ.e. bókunum *Í túninu heima*, *Úngur eg var*, *Sjömeistarasagan*, *Grikklandsárið* og *Skáldatími*. Bækur þessar hafi Halldór sjálfur skilgreint sem „skáldsögur í ritgerðarformi (essay roman)“ og því hafi efni þeirra ekki endilega borið keim sagnfræðilegs sannleika. Eins hafi stefndi nýtt sér ýmis önnur ritverk Halldórs, ritgerðir, smásögur og skáldsögur. Stefndi hafi í miklum mæli endursagt texta Halldórs, sem sé með miklum höfundareinkennum, með því að fella inn í sinn eigin texta, með eða án breytinga og oftast án aðgreiningar eða tilvísunar til viðeigandi heimilda. Í eftirmála bókar sinnar viðurkenni stefndi í raun athæfi sitt með orðunum: „Allt þetta efni hef ég reynt að hagnýta mér og fella saman í eina heild [...].“

Þessar upplýsingar sem lesanda séu veittar breyti því ekki, að mati stefnanda, að stefnda hafi borið að halda texta annarra höfunda, þ.m.t. texta Halldórs Laxness, aðskildum frá sínum eigin texta, svo ekki færi á milli mála hver höfundurinn væri í raun í hverju tilfalli.

Brot stefnda felist einkum í því að stefndi hafi hagnýtt sér höfundarréttarverndaðan texta úr bókum og öðrum ritverkum Halldórs Laxness, felld hann inn í bók sína og gert textann þannig að sínum eigin, án þess að aðgreina hann sérstaklega eða geta heimildar með fullnægjandi hætti. Telur stefnandi að þetta athæfi stefnda feli í sér brot á megininntaki höfundarréttarins og ákvæðum 14., sbr. 26. gr. höfundalaga nr. 72/1973. Eins telur stefnandi að þetta feli í sér brot á 6. gr. a, 9. gr. og 10. gr. Bernarsáttmálans, en ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1972.

Höfundaréttur sé samkvæmt ákvæðum höfundalaga háður þeirri takmörkun að þriðja aðila sé, undir vissum kringumstæðum, heimil tilvitnun í birt bókmenntaverk, sbr. t.d. 14. gr. höfundalaga. Slík heimild feli í sér veigamikil frávik frá höfundarétti, sé háð ströngum skilyrðum og beri að skýra þröngt, að mati stefnanda. Byggir

stefnandi á því að heimildir stefnda til að vísa til birtra bókmenntaverka Halldórs Laxness í riti sínu hljóti að takmarkast við þá meginskyldu stefnda að tilvísanir séu skýrar og afdráttarlausar í hverju einasta tilviki, aðgreining texta sé alger, tilvísanir séu allar innan hæfilegra marka og að rétt sé með efnið farið. Ekkert þessara grundvallarskilyrða hafi verið uppfyllt af hálfu stefnda í þeim tilvikum sem mál þetta varði.

Nokkur brögð séu að því að stefndi hafi getið heimilda eða vísað til tiltekins rits Halldórs Laxness með tilvísun í neðanmálgrein, en slíkar tilvísanir, þar sem þær komi fram, séu alsendis ófullnægjandi og villandi að mati stefnanda. Í þeim tilvikum þar sem um þetta sé að ræða sé tilvísun stefnda mjög almenns eðlis og eftir sem áður sé frumtexti Halldórs Laxness ekki aðgreindur með neinum hætti. Á því er byggt að tilvísanir stefnda, þar sem þær komi á annað borð fram, séu verulega villandi og sýni ekki með fullnægjandi hætti hver raunverulegur höfundur textans sé. Eigi það t.d. við í þeim tilfellum þegar stefndi vísar til neðanmálgreinar á eftir tilvitnuðum orðum innan tilvitnunarmerkja og láti þannig í það skína að eingöngu hin tilvitnuðu orð séu tekin úr viðkomandi heimild, þó svo að texti á undan tilvitnuninni sé einnig að öllu eða mestu leyti fenginn úr sömu heimild. Þau tilvik þar sem þetta eigi sérstaklega við séu nr. 6, 11, 19, 20, 22, 37, 42, 43, 44, 45, 51, 70, 72, 84, 91, 92, 94, 95, 97, 98, 102, 107, 110, 111, 115, 117 og 119.

Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi með ítrekuðum og grófum hætti brotið gegn höfundarétti Halldórs Laxness með því að breyta frumtexta höfundarins og laga hann að eigin texta. Þannig hafi stefndi ýmist slitið einstakar setningar úr samhengi og bætt þeim inn í sinn eigin texta, fellt út orð eða bætt við orðum. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi borið, auk þess að aðgreina texta Halldórs sérstaklega og geta heimildar með fullnægjandi hætti, að halda frumtextanum óbreyttum og óröskuðum í bók sinni í stað þess að endursegja og endurorða textann eða taka stærri eða smærri hluta hans úr samhengi og fella inn í sinn eigin texta. Um þetta vísar stefnandi til 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 14. gr. i.f. og 3. mgr. 26. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. einnig 6. gr. a og 12. gr. Bernarsáttmálans, sbr. lög nr. 80/1972.

Þau 120 tilvik sem að framan séu greind feli öll, að frátöldu tilviki nr. 112, í sér brot þau sem byggt er á að stefndi hafi orðið uppvís að hér að framan. Þannig séu þau öll þess eðlis að tilvísun til viðeigandi heimildar skorti alfarið eða að hún sé ófullnægjandi, frumtexta hafi ekki verið haldið aðgreindum og hann þess í stað felldur inn í og gerður að texta stefnda, ásamt því að frumtexta hafi verið breytt án samþykkis stefnanda.

Til viðbótar framangreindum brotum á höfundarétti telur stefnandi að stefndi hafi gerst brotlegur við hagsmuni stefnda með því að birta í bók sinni í umtalsverðum mæli áður óbirt efni eftir Halldór Laxness. Sé þar um að ræða bæði stóra og smáa

hluta af bréfum Halldórs til Erlends Guðmundssonar sem ekki hafi verið birt opinberlega áður. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi borið að afla sér fyrir fram heimildar til birtingar, sbr. einkum 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Undir þetta falli atriði nr. 99, 101, 102, 105, 107, 108, 111, 112 og 116 í framangreindri upptalningu.

Bók stefnda hafi verið birt opinberlega og teljist því brot stefnda á höfundarétti Halldórs Laxness hafa verið framin. Þá séu brot stefnda framin í fjárhagslegum tilgangi, þ.e. stefndi hafði fjárhagslegan ávinning af brotum sínum, og undirstriki það alvarleika brotanna, að mati stefnanda. Enn fremur telur stefnandi það til marks um alvarleika brotanna að stefndi aðgreini í nokkrum tilvikum sérstaklega texta annarra og gefi þannig lesendum bókarinnar tilefni til að ætla að sá hluti textans sem ekki sé sérstaklega aðgreindur, sé í raun eftir stefnda. Á það er bent að stefndi kveðist sjálfur, í eftirmála bókar sinnar, hafa tekið „þann kost að hafa textann með samræmdri nútímastafsetningu nema það, sem haft er eftir Kiljan: Það er allt með þeirri stafsetningu, sem hann gerði sér. Vitnað er í skáldverk Halldórs [...]“ Með þessari yfirlýsingu sinni gefi stefndi lesendum bókarinnar það til kynna að hann sé höfundur þess texta sem ekki sé birtur með stafsetningu Halldórs Laxness eða ekki sé sérstaklega vitnað til í bókinni. Þessar villandi upplýsingar ýti undir alvarleika brota stefnda, sem þar að auki verði, stöðu sinnar vegna sem prófessor við Háskóla Íslands, að lúta ríkari kröfum en ella um fagleg vinnubrögð. Stefnda hafi ekki getað dulist, sem fræðimanni, að hann hafi verið að brjóta gegn höfundarétti Halldórs Laxness í veigamiklum atriðum með aðferðum sínum.

Á blaðsíðum 563 – 607 í bók stefnda sé ítarleg skrá um tilvitnanir. Með sama hætti og að framan greini byggir stefnandi á því að tilvist þessarar skrár gefi lesendum bókarinnar tilefni til að ætla að sá texti sem ekki tengist sérstakri tilvitnun í skránni sé runninn undan rifjum stefnda. Úr því að stefndi hafi kosið að hafa tilvitnanaskrá í bók sinni hafi honum borið að hafa þá skrá í senn fullkomna og tæmandi um allar tilvitnanir og allar heimildir sem byggt var á. Engu breyti þótt stefndi boði, í upphafi tilvitnanaskrárinnar, að „[H]eimildaskrá með bókfræðilegum upplýsingum verð[i] í þriðja og síðasta bindi þessa verks“. Stefnda hafi borið að gera bók sína þannig úr garði að ekki færi milli mála fyrir lesanda þessarar tilteknu bókar hver væri höfundur textans í hverju einstöku tilfelli. Bók stefnda verði því að meta sem eina sjálfstæða heild, enda verði að telja fráleitt að stefndi geti bætt úr brotum sínum með ítarlegri tilvitnana- eða heimildaskrá í bók sem enn hafði ekki verið gefin út. Eins sé ljóst að brot stefnda, eins og þau blasi hér við, sé ekki hægt að leiðrétta nema bók stefnda verði endurprentuð í heild sinni með öllum nauðsynlegum breytingum og lagfæringum, aðgreiningu á texta annarra höfunda og réttmætum tilvitnunum til heimilda í öllum þeim tilfellum sem það á við.

Stefnandi byggir í málinu einkum á ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, svo og almennum og óskráðum meginreglum á sviði höfundaréttar ásamt ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins skv. 72. gr. laga nr. 33/1944 með síðari breytingum, auk 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár um takmarkanir á tjáningarfrelsi vegna réttinda annarra. Þá er byggt á ákvæðum Bernarsáttmálans um höfundarétt, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1972. Stefnandi vísar einnig til ákvæða erfðalaga nr. 8/1962 eftir því sem við á og laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Um málskostnað og réttarfar er byggt á lögum nr. 91/1991.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi krefjist þess að stefndi verði dæmdur til refsingar samkvæmt 54. gr. höfundalaga. Samkvæmt 24. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal sérhver refsiverður verknaður sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Um þetta sé fjallað í 59. gr. höfundalaga en í 1. mgr. segir, að brot gegn lögunum sæti opinberri ákæru, en jafnan skuli málshöfðun heimil þeim sem misgert er við. Í 2. mgr. 59. gr. sé nokkru takmarkaðri heimild veitt tilteknum aðilum ef höfundur er látinn. Ljóst sé að stefnandi byggi heimild sína til að hafa uppi refsikröfu á þessu lagaákvæði. Í höfundalögum sé að öðru leyti ekki fjallað um skilyrði slíkrar kröfugerðar og gildi því reglur almennra hegningarlaga þar um, sbr. einkum 29. gr. þeirra laga. Þar segi að heimild til þess að höfða einkamál til refsingar falli niður sé mál ekki höfðað áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka.

Fyrir liggir að vitneskju um meint brot stefnda gegn höfundarrétti stefnanda hafi hann haft þegar eftir að bókin var komin út. Meint brot stefnda hafi margsinnis verið til ítarlegrar umfjöllunar í fjölmiðlum vikunnar eftir útgáfu bókarinnar og raunar reglulega til þessa dags. Aðstandendur stefnanda hafi tjáð sig í fjölmiðlum í lok árs 2003 og byrjun árs 2004 um meint brot stefnda og þjófkenndu hann vegna þeirra. Mál þetta var þingfest þann 25. nóvember 2004 en stefna var birt þann 23. nóvember sama ár. Þá hafi framangreindur 6 mánaða frestur 29. gr. almennra hegningarlaga löngu verið liðinn.

Í því sambandi bendir stefndi einnig á, að stefnandi styðji kröfur sínar um ætluð lögbrot stefnda jöfnum höndum við ákvæði í höfundalögum sem falli utan sem innan málsóknarheimildar hans, samkvæmt 2. mgr. 59. gr. höfundalaga. Samkvæmt því ákvæði geti stefnandi höfðað mál vegna meintra brota gegn 1. og 2. mgr. 4. gr. höfundalaga og 2. og 3. mgr. 26. gr. laganna. Stefnandi vísi aðeins á tveimur stöðum sérstaklega til lagaákvæða sem eigi undir þessa málsóknarheimild hans, og þá án nokkurra nánari skýringa þar að lútandi, en jafnframt vísi stefnandi til meintra brota gegn öðrum ákvæðum höfundalaga sem hann hafi ekki heimild til að höfða mál vegna.

Þá leiði sú staðreynd, sem að framan er fjallað um, að enginn greinarmunur sé gerður í stefnu á stefnda sem höfundur eða útgefandi bókarinnar Halldór, til þess, að krafist er refsingar gagnvart stefnda fyrir háttsemi sem hann eigi engan þátt í.

Höfundarréttarvernd felist einkum í því, að óheimilt sé að gefa út eða hagnýta sér verk annars manns sem sitt eigið, eða að afbaka höfundarverk annars manns honum til vansæmdar. Þetta hefur stefndi ekki gert. Bókin Halldór, 1. bindi ævisögu Halldórs Laxness, sé sjálfstætt höfundarverk stefnda. Við samningu þess verks hafi stefndi nýtt sér ýmsar upplýsingar úr verkum sem áður hafa birst, einkum úr endurminningabókum Halldórs Laxness sjálfs. Vandséð sé hvernig öðruvísi hafi verið hægt að rita ævisögu Halldórs, enda vandfundar aðrar og betri heimildir um æsku skáldsins en frásagnir og endurminningar hans sjálfs. Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því, að þau tilvik sem stefnandi telji upp til marks um ætluð brot stefnda á höfundarrétti samsvari innan við 10% af texta bókar stefnda. Í bók stefnda birtist endursagnir og útdrættir úr þessum heimildum en slíkt brjóti ekki gegn höfundarrétti nokkurs manns.

Höfundalög heimili þar fyrir utan og gera ráð fyrir þessari nýtingu á verkum annarra, sbr. 14. gr. laganna en einnig að sínu leyti 2. mgr. 5. gr. þeirra. Í 14. gr. höfundalaga segi, að heimil sé tilvitnun í birt bókmenntaverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið. Í 2. mgr. 5. gr. kemur fram að hafi verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja megja nýtt og sjálfstætt, sé hið nýja verk óháð höfundarrétti að hinu eldra. Þær athugasemdir sem stefnandi hafi gert við bók stefnda rúmist allar innan þeirra heimilda sem í framangreindum ákvæðum felist. Stefndi hafi nýtt sér texta úr öðrum verkum, í þeim lögmæta tilgangi að rita bók um ævi eins af merkustu skáldum þjóðarinnar. Sá texti hafi einkum lotið að lýsingu á staðreyndum úr lífi skáldsins. Textinn hafi verið umskrifður og felldur inn í heildstæða lýsingu á ævi skáldsins, eða með öðrum orðum nýtt og sjálfstætt verk stefnda, eins og heimilt sé samkvæmt m.a. 2. mgr. 26. gr. höfundalaga. Stefndi telur fráleitt, að í því felist brot á höfundarrétti, að hann hafi með þessum hætti nýtt sér verk Halldórs Laxness sem efnivið eða innblástur í bók sína.

Málatilbúnaður stefnanda virðist byggja á þrenns konar meginathugasemdum við rit stefnda. Í fyrsta lagi að stefndi hafi tekið upp texta eftir Halldór Laxness úr bókum hans og notað hann sem sinn eigin, í öðru lagi að stefndi hafi ekki getið heimilda með fullnægjandi hætti og í þriðja lagi að stefndi hafi birt áður óbirtan texta án heimildar höfundar, en þar sé átt við ýmis bréf Halldórs Laxness sem varðveitt eru á Landsbókasafni.

Hvað fyrsta atriðið varðar er því mótmælt að stefndi hafi afritað verk eða texta Halldórs Laxness á þann veg að brjóti gegn höfundarrétti stefnanda. Texti stefnda sé hvergi samhljóða texta Halldórs þótt vissulega séu þeir stundum líkir. Því er mótmælt að höfundarréttur stefnanda taki til staðreynda og upplýsinga um æviferil Halldórs Laxness, sem birtar eru í bók stefnda.

Hvað annað atriðið varðar er því mótmælt að heimilda sé ekki getið eða á ófullnægjandi og/eða villandi hátt. Stefndi bendir á, að allsherjartilvísun sé í eftirmála bókarinnar til þeirra rita, sem stefndi hafi einkum stuðst við. Þá sé fjöldi beinna tilvísana neðanmáls til þeirra rita sem stefnandi telji höfundarréttarbrot beinast gegn. Stefndi telji það blasa við hverjum þeim sem lesi bók hans, að víða er stuðst við upplýsingar úr endurminningabókum Halldórs. Það leiði enda af eðli máls þar sem bókin Halldór fjalli um ævi skáldsins, einkum æskuár hans. Fyrir þeirri reglu um tilvísanir sem stefndi hafi stuðst við séu mýmörg fordæmi, svo sem fram komi í aðilaskýrslu stefnda. Þá bendir stefndi á að ekki verði leidd sérstök regla um tilvísanir af ákvæðum höfundalaga sjálfra, sem bók stefnda sé í andstöðu við.

Hvað þriðja atriðið varðar er því mótmælt, að umrædd bréf teljist óbirt í skilningi höfundalaga. Mestu máli skipti, að umrædd bréf hafi verið gerð aðgengileg almenningi. Þar með hafi bréfin talist birt í skilningi höfundalaga og stefnda heimilt að vísa til þeirra eins og annarra birtra verka. Þá vísar stefndi til þess að aðstandendur skáldsins hafi heimilað honum not bréfa þessa við gerð verks síns.

Stefndi krefst sýknu af refsikröfu stefnanda enda sé heimild stefnanda til að höfða refsímál fallin niður, sbr. 29. gr. almennra hegningarlaga. Ósannað sé að stefndi hafi brotið gegn höfundarrétti stefnanda og hvað sem öðru líði sé ósannað að skilyrði 1. mgr. 54. gr. höfundalaga um ásetning eða stórkostlegt gáleysi sé uppfyllt. Hvað síðastnefnda atriðið varðar bendir stefndi á, að við undirbúning handrits að bókinni Halldór hafi verið viðhaft umfangsmikið samráð við bæði aðstandendur stefnanda og helstu sérfræðinga um bókmenntir Halldórs Laxness sem starfi hjá AB, en það forlag gefi einnig út bækur Halldórs. Fulltrúar þessara aðila hafi lesið yfir handrit stefnda og stefndi farið eftir öllum athugasemdum þeirra sem máli skiptu. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við notkun stefnda á heimildum úr endurminningabókum Halldórs Laxness eða öðrum verkum sem um sé fjallað í máli þessu. Stefndi hafi því augljóslega verið í góðri trú um að rit hans samrýmdist þeim kröfum sem gera mátti til þess vegna ákvæða höfundalaga. Þá bendir stefndi á, að hann hafi á engan hátt reynt að leyna því að hann hefði nýtt sér upplýsingar og texta úr umræddum ritum heldur hafi þess þvert á móti verið rækilega getið. Hvort sem heimildanotkun og tilvísanakerfi stefnda samrýmist ströngustu og nýjustu fræðilegum kröfum á sviði ævisagnaritunar eða ekki, sé langur vegur því frá, að um refsiverða eða bótaskylda háttsemi af hálfu stefnda sé að ræða í þessu máli.

Stefndi krefst sýknu af miskabótakröfu stefnanda og vísar til 2. mgr. 56. gr. höfundalaga en samkvæmt ákvæðinu sé það aðeins höfundur sjálfur eða listflytjandi sem geti gert kröfu um miskabætur vegna höfundarréttarbrotu sem gegn honum beinast. Um þetta ákvæði segi svo í greinargerð með frumvarpi til höfundalaga sem lagt var fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi: „Í 2. mgr. ræðir um miskabætur, sem aðeins höfundi eða listflytjanda verða dæmdar, og það allt að einu, þó að þeir kunni að hafa framselt rétt sinn til annarra aðilja.“ Um aðild að miskabótakröfum vegna höfundarréttarbrotu hafi dómstólar og fræðimenn fjallað og telur stefndi þá umfjöllun sýna, að stefnandi eigi ekki aðild að þessari kröfu á hendur stefnda. Leiði það til sýknu, sbr. 16. gr. laga um meðferð einkamála.

Þá byggir stefndi á því, að þau meintu brot sem stefnandi telji hafa verið framin gegn höfundarrétti hans, hljóti einkum að felast í því, að handrit stefnda hafi verið birt almenningi við útgáfu bókarinnar Halldór. Stefndi hafi ekki verið aðili að útgáfusamningi um bókina og ekki gefið hana út. Þeir sem til greina kæmi að telja fébótaskylda gagnvart stefnanda vegna útgáfu bókarinnar séu AB og BF. Það sé rangt sem fram komi í stefnu að stefndi hafi fengið greidd höfundalaun vegna útgáfu bókarinnar. Réttur til höfundalauna vegna útgáfunnar hafi verið á hendi handhafa útgáfuréttarins, BF. Sé því um aðildarskort að ræða sem leiðir til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefndi heldur því fram að skaðabótakrafa stefnanda sé fallin niður sökum tómlætis og aðgerðarleysis stefnanda við að halda henni til laga. Stefndi mótmælir því, að skilyrði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála séu uppfyllt til þess að stefnanda sé unnt að gera fjárkröfu sína á hendur stefnda í þessu máli. Af hálfu stefnda er á því byggt að með því að stefnandi hafði ekki uppi skaðabótakröfu gegn honum í máli nr. 10030/2004 hafi stefndi mátt líta svo á, að slík krafa yrði ekki gerð á hendur honum. Því er mótmælt að nokkuð hafi verið því til fyrirstöðu að stefnandi gerði slíka kröfu. Stefndi gerði ekki slíka kröfu heldur hafði uppi fjárkröfu á hendur stefnda með vísan til 3. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 72/1972. Af ástæðum sem raktar séu í dómi Hæstaréttar í máli nr. 308/2005 hafi þeirri kröfu verið vísað frá dómi. Lutu þær einkum að vanreifun kröfunnar. Í stað þess að höfða mál að nýju með sömu dómkröfu og bæta úr vanreifuninni hafi stefnandi höfðað nýtt mál með annars konar dómkröfu. Stefndi telur þetta andstætt 27. gr. laga nr. 91/1991, hvort heldur samkvæmt orðalagi ákvæðisins eða undirstöðurökum, sem og andstætt meginreglum réttarfars og kröfuréttar.

Dómkröfur stefnda eru reistar á þeim lagarökum sem grein er gerð fyrir í textanum hér að framan. Málskostnaðarkrafa stefnda styðst við ákvæði XXI. kafla laga um meðferð einkamála, sbr. einkum 129. og 130. gr. þeirra.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda er mótmælt. Fari svo ólíklega að dómur fallist á einhverjar fjárkröfur stefnanda í máli þessu telur stefndi að þær kröfur geti fyrst borið vexti frá dómsuppsögudegi, enda hefur stefndi engin gögn eða sjónarmið fært fram fyrir grundvelli eða fjárhæð krafna sinna.

Stefndi mótmælir framlagningu skýrslu Helgu Kress prófessors. Skjalið virðist vera einhvers konar sérfræðiálit sem stefnandi byggir málsókn sína augljóslega á. Skjalið sé ekki matsgerð og umrædd Helga sé heldur ekki vitni í skilningi laga um meðferð einkamála. Efni skjalsins og þeim hugleiðingum sem þar koma fram er mótmælt.

Málskostnaðarkröfu stefnanda er jafnframt sérstaklega mótmælt. Stefndi fær ekki séð að undantekningarreglur 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eigi við um málskostnaðarkröfu eða málatilbúnað stefnanda í þessu máli.

NIÐURSTAÐA

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli 2. mgr. 59. gr. höfundalaga nr. 73/1972, en hún situr í óskiptu búi eftir mann sinn, Halldór Laxness rithöfund. Samkvæmt ákvæði þessu nær heimild stefnanda til þess að höfða einkarefsimál út af brotum á 1. og 2. mgr. 4. gr. höfundalaga, 2. og 3. mgr. 26. gr. sömu laga, 1. mgr. 28. gr. laganna og fyrirmæla höfundar skv. 2. mgr. 31. gr. Í höfundalögum er ekkert ákvæði um frest til að höfða mál til refsingar á grundvelli 54. gr. og 59. gr. laganna, og ber því að beita ákvæði 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um það atriði. Þar segir að heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar falli niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Sá frestur var löngu liðinn er stefnandi höfðaði mál þetta og verður stefndi af þeim sökum sýknaður af refsikröfu stefnanda.

Ekki er fallist á það með stefnda að með honum og BF og Almenna Bókafélaginu sé bundin samaðild sem leiði til sýknu og stefnda réttilega stefnt.

Stefnandi krefst miskabóta úr hendi stefnda skv. 2. mgr. 56. gr. höfundalaga en samkvæmt því ákvæði skal dæma höfundi eða flytjanda miskabætur úr hendi þess sem hefur raskað rétti hans með ólögumháttsemi. Samkvæmt hljóðan ákvæðis þessa tekur það einungis til höfunda eða flytjenda og verður ekki fallist á það með stefnanda að hún eigi aðild að kröfu þessari eins og ákvæðið er orðað. Verður stefndi því sýknaður af miskabótakröfu stefnanda sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kemur því næst til úrlausnar krafa stefnanda um fébætur skv. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga en þar segir að þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, beri að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Stefndi hefur í mörgum tilvikum fellt efni texta úr bókum Halldórs Laxness inn í meginmál bókar sinnar með því að endursegja hann lítt breyttan að efni til, án þess að geta þess í hvert sinn hvaðan hann sé upprunninn og frá hverjum. Hefur hann með þessum hætti hagnýtt sér verk Halldórs Laxness við ritun bókar sinnar. Í eftirmála bókar sinnar segir stefndi m.a. eftir að hafa greint frá því að margir hafi aðstoðað hann á ýmsan veg, veitt honum aðgang að óbirtum gögnum, sýnt honum bréf og skjöl og gefið munnlegar upplýsingar: „Ég hef auðvitað haft ómælt gagn af rannsóknum annarra fræðimanna á verkum Halldórs Kiljan Laxness, einkum þeirra Peters Hallbergs í nokkrum ritgerðum og fjórum bindum (**Vefarinn mikli**, I.-II.; og **Hús skáldsins**, I.-II.) og Eiríks Jónssonar kennara í mörgum greinum og bók (**Rætur Íslandsklukkunnar**). Halldór hefur sjálfur skrifað fimm minningarbækur (**Skáldatími**, **Í túninu heima**, **Úngur ég var**, **Sjömeistarasagan** og **Grikklandsárið**), og viðtalsbækur hafa birst um báðar eiginkonur hans [...]. Allt þetta efni hef ég reynt að hagnýta mér og fella saman í eina heild, en hef vísað fyrirvörum og athugasemdum í neðanmálsgreinar til að trufla ekki hinn almenna lesanda, þótt mér beri auðvitað að gera fræðimönnum skil á forsendum mínum.“ Þá segir stefndi undir fyrirsögninni „Tilvísanir“ að heimildaskrá með bókfræðilegum upplýsingum verði í þriðja og síðasta bindi þessa verks.

Í II. kafla höfundalaga eru ákvæði um takmarkanir á höfundarétti. Samkvæmt 14. gr. þeirra er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, heimil ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið. Í 1. mgr. 26. gr. laganna segir að ákvæði II. kafla, að undanskilinni 13. gr., raski ekki rétti höfundar eftir 4. gr. Í 2. mgr. 26. gr. segir að þegar verk er birt almenningi samkvæmt II. kafla, skuli auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa. Loks segir í 3. mgr. 26. gr. að þegar eintök af verki séu gerð samkvæmt II. kafla, megi ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

Sú hagnýting verka Halldórs Laxness sem stefndi beitti felur í sér notkun texta sem nýtur höfundarverndar. Dómari telur að tilvísun sú til bóka Halldórs Laxness sem fram kemur í eftirmála bókarinnar og hér að framan er rakin uppfylli ekki þær kröfur sem gera verði í tilvikum sem þessum, þ.e.a.s. þegar höfundur ævisögu fellir texta úr verkum þess sem ævisagan fjallar um inn í verk sitt. Hefði stefnda verið rétt að geta þess skýrlega hvaðan texti sá sem hann hagnýtti væri fenginn með beinni eða óbeinni tilvitnun í hvert sinn. Telur dómari stefnda hafa með þessu farið út fyrir hæfileg mörk við meðferð texta Halldórs Laxness er stefndi ritaði verk sitt. Verður því fallist á það

með stefnanda að stefndi hafi brotið gegn höfundarétti á verkum Halldórs Laxness sem stefnandi hefur á hendi.

Fram kom í skýrslu Guðnýjar Halldórsdóttur, dóttur stefnanda og Halldórs Laxness, og vitnanna, Bjarna Þorsteinssonar og Péturs Más Ólasonar, að um það hafi verið fjallað hvort stefnda yrðu heimilað að vitna í óbirt efni, aðallega bréf Halldórs Laxness, enda skyldi tilvitnun ekki lengri en fjórar aðalsetningar að því er vitnið Bjarna minnti. Verður á því að byggja að stefnda hafi verið heimiluð birting þessa efnis og notkun hans á því verður ekki metið honum til sakar.

Af hálfu stefnanda hefur ekki verið gert nægjanlega líklegt að stefnandi hafi beðið tjón af broti stefnda á höfundalögum. Af þessari ástæðu verður stefndi sýknaður af bótakröfu stefnanda.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda en málskostnaður verður felldur niður.

DÓMSORÐ

Stefndi, Hannes Hólmsteinn Gissurason, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Auðr Sveinsdóttur Laxness.

Málskostnaður fellur niður.

Allan V. Magnússon

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 10. nóvember 2006.

Gjald: 2.200,-

- tvö þúsund og tvö hundruð krónur 00/100

Greitt:

A handwritten signature in cursive script, likely of Allan V. Magnússon, is written over a circular official seal. The seal contains the text 'HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍK' around the perimeter and a central emblem.